

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Vinnlustöðin hf. (VSV) er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem rekur eigið sölu- og markaðsstarf og selur afurðir sínar að nær öllu leyti á erlendum mörkuðum. Það var stofnað árið 1946 og er með fjölbreytilegan rekstur. Í samstæðu félagsins eru gerð út þrjú togskip, einn netabátur og þrjú uppsjávarskip. Fiskvinnsla samstæðunnar samanstendur af saltfisksverkun og frystingu botnfisks og uppsjávarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju. Í samstæðunni er rekstur verkstæðis og frystigeymslu, löndunarþjónusta, ísframleiðsla og skipaafgreiðsla. Þá rekur félagið sex sölufélög erlendis ásamt fiskvinnslu í Portúgal. Móðurfélag í samstæðunni er Vinnlustöðin hf. og er staðsett í Vestmannaeyjum.

Meginhlutverk VSV er að veiða, framleiða, þróa, markaðssetja og selja verðmæta gæðaaufurð úr hafinu á arðsaman og ábyrgan hátt. Félagið stundar markaðs-, sölu- og vöruþróunarstarf á völdum mörkuðum og selur afurðir undir eigin vörumerkjum og vörumerkjum dreifiaðila. Félagið starfrækir einnig söluskrifstofur á lykilmörkuðum sínum og er verkefni þeirra að selja afurðir VSV og miðlun sjávarfangs þar sem þess gefast tækifæri.

Vöxtur félagsins næst með því að nýta tækifæri til vaxtar á Íslandi með aukinni veiði- og vinnslugetu og á erlendum mörkuðum með samstarfi og sjálfstæðum rekstrareiningum, eða öðru því formi sem gefur félaginu tækifæri til skapa aukna arðsemi sem byggir á kjarnastarfsemi og kjarnaþekkingu fyrirtækisins.

Lög og siðferðismál

Félagið leitast við að hámarka arð eigenda og skapa góðan vinnustað fyrir starfsfólk sitt. Vinnlustöðin starfar eftir lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins og hefur í hávegum viðmið um gott siðferði í viðskiptum. Félagið starfar í einu og öllu eftir vinnulöggjöf og kjarasamningum. Það ber fulla virðingu fyrir mannréttindaákvæðum um félagafrelsi, nauðungar- eða þrælkunarvinnu og misrétti. Öll mismunun á grundvelli ómálefnalega þátta er bönnuð.

Samfélagsábyrgð

Sjávarútvegur hefur miklu hlutverki að gegna í íslensku samfélagi og er einn af burðarstólpum þess. Vinnlustöðin hefur þar hlutverki að gegna í íslensku samfélagi sem efnahagslegt afl í litlu samfélagi og vill efla lífsgæði þess með fjárfestingum í samfélaginu og úrlausn vandamála sem steðja að því samfélagi sem félagið er hluti af.

Vinnlustöðin er þátttakandi í nærsamfélaginu, bæði með þátttöku í verkefnum og viðburðum og styrkir það fjárhagslega. Félagið kaupir þjónustu í heimabyggð og hefur lengi verið máttarstólpi í íþróttalífi Vestmannaeyja.

Stjórnendur og starfsfólk Vinnlustöðvarinnar hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfseminni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Í stefnuskjali félagsins er að finna ítarlega lýsingu á gildum félagsins sem samstanda af virðingu, sjálfbærni og velferð (skammstafað VSV). Það fjallar meðal annars um virðingu fyrir auðæfum hafsins ásamt sjálfbærni þess, virðingu fyrir starfsfólki og samskiptum og velferð starfsfólks og samfélagsins.

Umhverfismál

Vinnslustöðin sækir verðmætt hráefni sitt í hafið við Ísland og í norðanverðu Atlantshafinu. Það er markmið félagsins að nýting náttúruauðlinda byggji á sjálfbærni með tilliti til langtímasjónarmiða. Félagið vill stuðla að því að skipulag fiskveiða leiði til ábyrgrar nýtingar fiskistofna eins og best þekkist í heiminum. Góður árangur íslensks sjávarútvegs frá upphafi þessarar aldar er merki þess að á Íslandi er eftirlit með ástandi fiskistofna gott og vörður er staðinn um sjálfbærni þeirra. Félagið er með fisktegundir vottaðar af MSC (Marine Stewardship Council) sem er alþjóðleg vottunarstofa um sjálfbærar fisktegundir. Úttektir vottunarstofa eru gerðar a.m.k. árlega. Einnig er félagið aðili að IRF (Iceland Responsible Fisheries) varðandi vottun fiskveiða. Tilgangur vottunar IRF er að sýna fram á með gagnsæjum hætti að staðið er að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun á Íslandi á ábyrgan og viðurkenndan hátt í samræmi við kröfur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Félagið er með vottað gæðastjórnunarkerfi, HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme) og IFFO RS (Global Standard for Responsible Supply) til að tryggja rekjanleika, stöðluð vinnubrögð og gæði afurða.

Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á gæði afurða og ábyrga umgengni til sjós og lands. Íslenskur sjávarútvegur á sinn þátt í útblæstri á gróðurhúsalofttegundum. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sem Vinnslustöðin er aðili að, hefur undirritað með íslenskum stjórnvöldum samstarfsyfirlýsingu um hvata til að draga úr kolefnisspori í íslenskum sjávarútvegi.

Vinnslustöðin notaði, ásamt dótturfélagunum Hugin ehf. og Ós ehf., rúma 11,1 milljón lítra af olíu á árinu 2025 og minnkaði notkun um 0,4 milljónir frá árinu áður. Hátt verð og skerðing hefur undanfarið verið á afhendingu raforku til fiskimjölsværsmiðju félagsins. Á rekstrarárinu batnaði þó afhending raforkunnar sem skilaði sér í að rafskautaketill verksmiðjunnar var nýttur betur til framleiðslu mjöls og lýsis. Fengust afhent 152,7 Kwh/tonn til framleiðslunnar, en einungis 25,7 Kwh/tonn á árinu 2024. Til samanburðar fengust 196 Kwh/tonn til framleiðslunnar að meðaltali síðastliðin 20 ár þar á undan. Ef olíunotkun er skoðuð frá árinu 2005 til 2024 í samhengi við aflahlutdeild félaga Vinnslustöðvarinnar hefur aflahlutdeild aukist um 98% en olíunotkun einungis um 3%. Með öðrum orðum hefur losun gróðurhúsalofttegunda minnkað, reiknað á þennan hátt á tímanum, en ljóst er að starfsemi félagsins er mjög viðkvæm fyrir afhendingu á hreinni orku í stað mengandi orkugjafa. Stendur félagið frammi fyrir því að þurfa að endurnýja gamla olíukatla í fiskimjölsværsmiðju sinni til að minnka losun og auka hagkvæmni því að þó að rafmagn verði tryggt til verksmiðjunnar á næstu misserum þá eru útgefin verð til verksmiðjunnar það há að ekki verði hagkvæmur kostur fyrir félagið að nýta raforkuna. Ef afhending á rafmagni til fiskimjölsværsmiðjunnar verður tryggð á samkeppnishæfu verði miðað við olíuverð mun félaginu takast að vinna áfram að markmiðum sínum um minnkun losunar á útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Botnfisksskipið Breki VE, sem byggður var í Kína og tekinn í rekstur á árinu 2017, ber vott um mikilvægi umhverfismála hjá félaginu þar sem olíusparnaður er með því besta sem þekkist í skipaflota Íslendinga. Fiskimjölsværsmiðja félagsins starfar með leyfi Umhverfisstofnunar og skilar skýrslu til hennar um umhverfisupplýsingar skv. reglugerð ár hvert þar sem fram koma áhrif hennar á umhverfið. Allt sorp félagsins er flokkað og skilað til sorpstöðvar samkvæmt ítrustu kröfum. Sorpið, sem getur verið plast, timbur, málmhlutir og lífrænn úrgangur, er sett í þar til gerða gáma og afhentir samkvæmt kröfum. Plastsekkir úr mjöl- og saltfiskvinnslu eru endurnir í samstarfi við endurvinnsluaðila.

Unnið er eftir formlegri umhverfisstefnu innan félagsins sem útgefin var á árinu 2015 og endurskoðuð reglulega og fjallað er um í stjórnháttaryfirlýsingu.

Mannauður

Hjá félaginu er starfandi sérstakt lögfræði- og mannauðssvið þar sem stjórnendur veita faglega ráðgjöf og stuðning varðandi starfsmannamál, túlkun kjarasamninga og annað sem viðkemur mannauði félagsins. Starfsmenn hafa aðgang að meginstefnum og verklagsreglum félagsins á vef félagsins þar sem fram koma meðal annars upplýsingar um starfsmannastefnu félagsins, réttindi starfsfólks, kjaramál, jafnrétti, öryggismál, upplýsingar um heilsustefnu og viðbrögð við einelti á vinnustað og þá er gefin út ítarleg öryggis- og áhafnahandbók fyrir skip samstæðunnar sem hefur að geyma sömu upplýsingar auk ítarlegra upplýsinga um mál er eingöngu varða öryggi í skipum.

Fyrirtækið leggur áherslu á að skapa starfsmönnum heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi sem stuðlar að slysalausum vinnustað. Fyrirtækið hefur sett sér öryggisstefnu sem gildir fyrir stjórnendur og starfsmenn á sjó og í landi. Í samræmi við vinnuverndarlöggjöf starfar öryggisnefnd á vinnustaðnum sem vinnur að forvarnar- og öryggismálum og stefnumótun með stjórnendum og á skipum félagsins eru öryggismál á ábyrgð skipstjóra og stýrimanna lögum samkvæmt. Öryggismál fyrirtækisins eru í sífelldri endurskoðun með það að markmiði að auka öryggisvitund starfsmanna og bæta vinnuumhverfið. Unnið er með samstarfsaðila að átaki til að fækka slysum á sjó og í landi, þar með talið með skráningu slysa og næstum slysa sem verða hjá félaginu. Markmiðin eru ávallt þau að læra af fyrri reynslu og fækka slysum.

Félagið styður við íþróttaiðkun starfsmanna og samningur er í gildi milli félagsins og fyrirtækisins Sjómannaheilsu sem fylgist með heilsu sjómanna sem hafa þar aðgang að þjónustu ef þörf er á.

Félagið er með vottað jafnlaunakerfi. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Launagreining var gerð af úttektaraðila í lok árs 2025 í tengslum við launagreiningu ársins 2025 og staðfest var að launamunur hjá félaginu var innan allra vikmarka og óútskýrður launamunur var ekki til staðar.

Sem ábyrgðaraðili hefur Vinnslustöðin gert vinnsluskrá um vinnslu persónuupplýsinga í félaginu og undirritað vinnslusamninga við þá aðila sem vinna persónuupplýsingar fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Vinnslustöðinni er í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga.

Skrifleg stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi er í gildi hjá félaginu sem kynnt er starfsmönnum. Í henni koma meðal annars fram upplýsingar um hvert skuli beina tilkynningum og hvernig tilkynningum er fylgt eftir. Vinnslustöðin leggur áherslu á velferð og öryggi starfsmanna sinna og hefur samþykkt aðgerðaráætlun til að sporna við ofbeldi. Tilgangur með aðgerðaráætlun fyrirtækisins er að hvetja og styðja þá sem eru þolendur heimilisofbeldis til að leita sér hjálpar. Ofbeldi hefur ekki aðeins varanlegar afleiðingar fyrir þolendur og fjölskyldur þeirra, heldur allt samfélagið.

Mannréttindi, siðferði, spilling og mútur

Vinnslustöðin virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Allir hagaðilar félagsins eiga rétt á sanngjarnri meðferð í anda jafnræðisreglu. Því til stuðnings er félagið með útgefna jafnlaunastefnu eins og fjallað er um í stjórnháttaryfirlýsingu, en ekki hefur verið gefin út formleg mannréttindastefna. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu. Félagið tekur ekki þátt í mútum á nokkurn hátt eða spillingu, þrátt fyrir að hafa ekki gefið út formlega stefnu þar um, og hefur gefið út reglur um verklag við uppljóstrun samkvæmt lögum um vernd uppljóstrara nr. 40/2020 ásamt því að hafa sett fram siðareglur til starfsmanna sinna varðandi innkaup fyrir félagið.

Flokkunarreglugerð ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi fyrir árið 2024, sem breyttist með framseldri reglugerð 2022/1214 um atvinnustarfsemi tiltekinna orkugeira. Framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og uppfærsla á fyrstu tveimur í framseldri reglugerð ESB 2023/2485 tóku gildi innan ESB árið 2023 og hér á landi frá og með 1. janúar 2025.

Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi samkvæmt 3. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina samkvæmt tæknilegum matsviðmiðum. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera umhverfislega sjálfbær starfsemi.

Vinnlustöðin hf. hefur farið yfir starfsemi sína í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt og gilda hér á landi samkvæmt framseldri reglugerð ESB 2021/2139. Við mat á tæknilegu matsviðmiðunum kom í ljós að meginstarfsemi félagsins fellur ekki undir þau tæknilegu matsviðmið sem hafa verið birt og eru því ekki forsendur til frekari skýringa að ræða.

Vinnlustöðin er þó meðvituð um að flokkunarreglugerðin er í stöðugri þróun og að frekari atvinnugreinar gætu bæst við birtingaskylduna. Af þeim sökum mun félagið fylgjast grannt með þeirri þróun sem á sér stað og birta upplýsingar um meginstarfsemi sína um leið og hún fellur undir framseldar gerðir flokkunarreglugerðarinnar að öðru óbreyttu.

Í meðfylgjandi töflum birtir Vinnlustöðin því hlutfall tilgreindra lykilmælikvarða vegna atvinnustarfsemi sem fellur ekki að flokkunarreglugerðinni samkvæmt framseldri reglugerð 2021/2178 um innihald og framsetningu upplýsinga.

Til viðbótar birtir Vinnlustöðin upplýsingar um starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas í samræmi við 6. og 7. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar. Þar sem félagið er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar ekki taldir fram.